

9. fundur samfélagsnefndar

Samfélagsnefnd hélt síma- og veffund með Sigurborgu, miðvikudaginn 27. mars kl. 16.30, til að undirbúa samfélagsþing sem haldið verður helgina 13. – 14. apríl.

Á fundinn mættu Arna Björg Bjarnadóttir, formaður, Jóhann Þórhallsson, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir, Þórhallur Jóhannsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti, ásamt undirritaðri sem skráði þessa punkta.

Sagt var frá fundi ABB og SKH með oddvita í gær og þar var ákveðið að hún myndi sitja undirbúningsfundinn í dag.

Upplýsingastreymi til sveitarstjórnar: Ákveðið var á fundinum í gær að gera minnisblöð um fundina og senda jafnóðum á sveitarstjórn (ekki bíða til næsta fundar), til að þau geti fylgst vel með undirbúningi fyrir þingið.

Yfirskrift: Valin yfirskrift fyrir þingið; **Fljótsdalur til framtíðar – hvert skal stefna?**

Verkefnalisti, annað en kynningarmál:

Hvað	Hver / nánar
Veitingar	GI talar við Klausturkaffi
Tónlist– ca. 15 mín. þegar fólk er að koma inn. Svo þingið sett og þá 1 lag eftir setningu	GI talar við Andrés og Árna
4 – 5 tölvur	Signý fær hjá Austurbrú
Prentari í Snæfellsstofu og aðgangur að tölvu sem hægt er að nota til að senda skjöl í t.p. til að prenta	Þórhallur - komið

Kynningarmál fyrir þingið:

Hvenær	Hvað	Hver
27.03. / 28.03.	Auglýsingar fyrir samfélagsmiðla; ljósmyndir með texta „takið dagana frá“ og breytilegum texta.	skh setur upp, nefnd gerir tillögur að breytingum ef þarf og Arna dreifir
28.03.	Gera Facebook viðburð og bjóða	Þórhallur og Arna
28.03.	Setja á viðburðalista á vef hreppsins	Gunnþórunn
28.03.	Þegar Facebook viðburður er kominn, setja þá spurningu til ungra, brottfluttra Fljótsdælinga: „hvað þyrfti til að þú myndir íhuga að flytja aftur heim í Fljótsdal?“	Arna
28.03. +	Texti f. tölvupóst til þingmanna og stjórnar SSA + Austurbrúar	Skh gerir tillögu, nefnd les yfir, GI sendir út
28.03.	Dreifibréf	skh gerir tillögu, nefnd les yfir GI setur í prentun hjá Héraðsprint
29.03. +	Dreifibréf á alla bæi og fyrirtæki / stofnanir	Jói
29.03. +	Póstleggja dreifibréf þar sem það á við	Gunnþórunn
29.03. +	Fréttatilkynning á Austurgluggann/Austurfrétt, Austurland, RÚVAust	Skh gerir texta, nefnd les yfir GI sendir út
01.-12.04.	Setja búta af textanum úr dreifibréfi inn á Facebook. Einn skammt í einu. T.d. loforð	Nefnd
01.-12.04.	Áminning; samfélagsmiðlar, tölvupóstar og símtöl	Nefnd
Ótímasett	Settur inn sér „flokkur“ á vef Fljdhr. um samfélagsverkefnið.	GI athugar

Næstu fundir: 02.04., kl. 11 og 09.04., kl. 11. í Snæfellsstofu.

Með bestu kveðju,

Sigurborg Kr. Hannesdóttir

Viðtakandi: Samfélagsnefnd og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps
